

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Selfoss.

Hinn 23. mars 1984 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Selfoss að spilda við Grashaga sem áður var ætluð fyrir verslunarstarfsemi verður nú einbýlishúsasvæði.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1984.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.*

5. apríl 1984

Nr. 178

## GJALDSKRÁ

### fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

#### 1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra farandvéla, farandvinnuvéla, búvéla, lyfta og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum skv. gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmiss konar aukapjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

#### 2. gr.

Fyrir farandvélar og farandvinnuvélar greiðist sem hér segir:

1. flokkur: Gjald kr. 900,00.

Málarastólar, vörulyftarar með sæti, dráttarvélar. Gjaldið greiðist þó ekki ef tæki þessi eru í eigu eftirlitsskyldra fyrirtækja.

2. flokkur: Gjald kr. 1 200,00.

Vegaþjoppur, vegheflar og aðrar vegagerðarvélar, jarðýtur, ámokstursvélar, skurðgröfur og aðrar svipaðar vélar, litlir farandkranar (bómulengd minni en 8 m, lyftigeta minni en 2 tonn).

3. flokkur: Gjald kr. 1 790,00.

Farandkranar, byggingarkranar. Þó skoðun fari fram oftast en einu sinni á ári, greiðist skoðunargjald aðeins einu sinni, nema framkvæma þurfi aukaeftirlits-skoðun vegna vanrækslu á framkvæmd fyrirskoðaðra umbóta, en fyrir slíka skoðun greiðist fullt gjald.

#### 3. gr.

Fyrir fólkslyftur greiðist: kr. 1 200,00.

Fyrir skíðalyftur, minni gerð: kr. 2 200,00.

Fyrir skíðalyftur, stærri gerð: kr. 4 000,00.

#### 4. gr.

Fyrir skoðun vatnshitunarkerfa sbr. reglugerð nr. 302/1978 greiðist kr. 800,00 og fyrir neysluvatnshylki kr. 240,00.